

Kennsluáætlun

# SIÐFERÐI Á NETINU



**NEMENDAHÓPUR:**  
12-16 ára

**TÍMALENGD:**  
40 min - 1 klst.



## KENNSLUMARKMIÐ

- Að nemendur séu meðvitaðir um að allt sem þeir gera á netinu endurspeglar hverjir þeir eru.
- Að nemendur temji sér að koma fram við aðra á netinu eins og þeir vilja að komið sé fram við þá.
- Að nemendur geri sér grein fyrir að þeir bera ábyrgð á því sem þeir segja og gera á netinu.
- Að nemendur átti sig á að það sem er einu sinni komið á netið er nær ómögulegt að fjarlægja.

## KENNSLUPUNKTAR OG KENNSLUEFNI

Þessi kennslustund á að vekja nemendur til umhugsunar um siðferði á netinu. Hvað má segja á netinu, hvað verður um upplýsingarnar og hver sér þær?

## VEFSLÓÐIR

**Auglýsingarnar eru hægra megin og kallast: „Bulletin Board“ og „Everyone knows your name“**

Þetta myndskreið er dæmi um stúlku sem setur mynd af sér á tilkynningatöflu og hvernig það líkist því að setja myndir inn á heimasíður og hvernig fólk bregst við því sem hún setur á síðuna sína.

<http://www.prnewswire.com/mnr/adCouncil/26474/>

**Á þessari síðu eru upplýsingar um netorðin 5 og AUGAÐ – myndskreið.**

Augað: Sýnir Þórodd skrifa á bloggsíðuna sína að besti vinur hans sé fáviti. Daginn eftir er þessi bloggsíða orðin að stórfrétt. Skilaboðin: Gættu að þér, það sem þú setur á netið sjá allir.

<http://www.saft.is/oruggnetnotkun/netordinfimm/>

Frétt á ruv.is þar sem sagt er frá myndum af börnum á vefsíðunni Barnaland.is sem hafa ratað inn á rússneska barnaklámsíðu.

<http://www.ruv.is/heim/frettir/stort/frett/store64/item166538/>

**Orð:** Siðferði, bloggsíður, netorðin 5, myndbirtingar

## UNDIRBÚNINGUR

Netið er stórkostlegur upplýsinga- og samskiptamiðill með óendanlega möguleika. Notum það ekki til að særa annað fólk og höfum ávallt í huga að allt sem við setjum á netið endurspeglar hver við erum – og er öllum opið, alltaf!

Hvað þurfa nemendur að hafa í huga áður en þeir setja eitthvað á netið?

## VINNUHUGMYNDIR

### a) Netorðin fimm

1. Allt sem þú gerir á netinu endurspeglar hver þú ert.
2. Komdu fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig.
3. Ekki taka þátt í neinu sem þú veist ekki hvað er.
4. Mundu að efni sem þú setur á netið er öllum opið, alltaf.
5. Þú berð ábyrgð á því sem þú segir og gerir á netinu.

**Nemendur uppfæra eða búa til 5 ný netorð til að setja upp í sinni skólastofu og til að senda á [saft@saft.is](mailto:saft@saft.is)**

### b) Skoðið myndböndin „Bulletin Board“ og „Everyone knows your name“ og ræðið innhald þess, hvernig líkist þetta því að setja upplýsingar á netið?

1. Hverjir eru helstu kostir þess að nýta sér netið?
2. Hvað ber að forðast í sambandi við netnotkun?
3. Hvað er átt við þegar sagt er að það sem er einu sinni sett á netið er næstum ómögulegt að fjarlægja?
4. Hver má eiga myndir af okkur?
5. Hvernig tengjast hugtökin virðing og sjálfsvirðing netnotkun?

### c) Skoðið fréttina um myndirnar af Barnaland.is og ræðið hana.

1. Af hverju eru myndirnar á rússneskum síðum?
2. Hvernig komust þeir yfir myndirnar?

